

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

1. gr.

Í stað 2. másl. 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

Þegar sérstaklega stendur á er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að hækka bætur um allt að 25%. Skal heimildinni einkum beitt þegar um er að ræða dauðvona börn. Þá er heimilt að beita ákvæðinu þegar fötluð og/eða alvarlega og langvarandi veik börn gangast undir erfiðar aðgerðir eða meðferð og þurfa þess vegna að dvelja langdvölum á sjúkrahúsi með foreldrum sínum fjarri heimili.

2. gr.

1. mgr. 8. gr. fellur brott.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 3. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla brott reglur tryggingaráðs nr. 263/2000 um heimild til hækkunar umönnunargreiðslna skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. janúar 2005.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.